

**REGLUGERÐ****um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.****1. gr.**

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks, skulu hækka um 8.2% frá 1. janúar 1971 að telja.

Heimild náí og til hækkunar um allt að sama hundraðshluta á þeim bóttum, sem veittar eru samkvæmt sérstökum heimildum, eftir ákvörðun Tryggingastofnunarinnar og samkvæmt tillögum sveitarstjórna, þar sem það á við, sbr. 21. gr. almannatryggingalaga.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, með áorðnum breytingum, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1970.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

22. desember 1970.

Nr. 288.

**REGLUGERÐ****um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1971.**

Árið 1971 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:
 

a. Hjón .....	kr. 7 660.00
b. Karlar .....	— 6 960.00
c. Konur .....	— 5 220.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:
 

Fyrir hverja vinnuviku .....	kr. 68.00
------------------------------	-----------
3. Í janúar 1971 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:
 

a. Hjón og karlar .....	kr. 3 900.00
b. Konur .....	— 2 800.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1970.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Páll Sigurðsson.*